

**67. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
21. ágúst 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Raket Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.


Fyrir tekið:

- 1. 1703203 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata breyting v/ fimleikahúss**
Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tvær athugasemdir bárust við skipulagið.
Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.
- 2. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun**
Skipulags- og umhverfisráð tekur undir tillögur rýnihóps, um stækkun fimleikahúss úr 1410m² í 1632m² samanber greinargerð hönnuðar.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, að tekið verði tillit til kostnaðaraukningar á fimleikahúsi við gerð fjárhagsáætlunar 2018.
- 3. 1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting / íbúafundur**
Aðalskipulagið var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tveir aðilar sendu inn sameiginlega athugasemd.
Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.
- 4. 1604011 - Deilisk. - Sementsreitur**
Deiliskipulagið var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tveir aðilar sendu inn sameiginlega umsögn.
Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.
- 5. 1705220 - Vallholt 3 og 3A - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**
Bréf dags. 7. júlí s.l. þar sem óskað er eftir álit skipulags- og umhverfisráðs á að sameina og breyta notkun lóðanna við Vallholt 3 og 3A.
Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í breytingar á skipulagi lóða við Vallholt 3 og 3A. Ljóst er að ef breyta þarf landnotkun úr iðnaðar- og athafnalóð í fjöleignarhúsalóð þarf breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi lóðanna.

Lóðarhafi skal bera allan kostnað vegna skipulagsbreytinganna. Ef skipulagsferli nær fram að ganga, skal hann einnig bera allan þann kostnað sem hlýst af skipulagsbreytingunum s.s. lagnakostnað o.fl.

6. **1708031 - Vesturgata 119 - samnýting bílastæða**
Ósk eigenda Vesturgötu 119 um viðræður um samnýtingu og frágang á bifreiðaplani lóðarinnar.
Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ræða við eigendur Vesturgötu 119 um samnýtingu á bílastæðum á lóðinni.
7. **1708044 - Gjaldskrármál (gatnagerðargjöld og fl.)**
Farið almennt yfir gjaldskrármál er tengjast Skipulags- og umhverfissviði.
8. **1708042 - Merkigerði 2 stækkun á bílgeymslu - umsókn um byggingarleyfi**
Umsókn um stækkun bílskúrs. Lóðin tilheyrir deiliskipulagi Akratorgsreits.
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynnt verður fyrir húsum við Merkigerði 4, Laugarbraut 25 og 27, ásamt Vesturgötu 98 og 102.
9. **1707050 - Eldhústæki úr Sementsverksmiðju - kaup**
Sviðsstjóra falið að ganga til samninga um sölu á eldhústækjum.
10. **1705224 - Vogabraut 32 - lóðarleigusamningur endurnýjun**
Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.
Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á samningi.
11. **1612005 - Rafhleðslustöð fyrir Akraneskaupstað**
Tillögur að staðsetningu rafhleðslustöðvar sem gefin var af Orkusölnunni.
Byggingarfulltrúi kynnir málið. Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að ganga frá uppsetningu rafhleðslustöðvar við Jaðarsbakka.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.


 A collection of handwritten signatures in blue ink. The signatures are: Valgerður S. Þorvaldsson, Kristín Sigurðardóttir, Einar Þ. Bránn, Rakel Óskarsdóttir, Jóhannes Karl Álfjörðsson, Stefan F. Steindóttir, Sig. P. H., and Skapellir Sig.